

Nd.

35. Frumvarp til laga

[35. mál]

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Í stað kr. 0.25 í 3. gr. laganna komi: 1.00 — einni krónu.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður svo hljóðandi: Um kostnað við frjálst mat á sild fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 20. júlí 1953, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um frumvarpið vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að í lögum nr. 53 frá 1938, um mat á matjessild og skozkverkaðri sild, sé matsgjald af hverri útflutningsmetinni tunnu ákveðið kr. 0.25. Vegna þeirra verðhækkana, sem orðið hafi síðan lögin voru sett, beri nauðsyn til að hækka þetta gjald, ef það eigi að nægja til að standa straum af kostnaði við matið, eins og til var ætlað. Þá verði og að telja eðlilegt, að sama gjald verði tekið af þeirri sild, sem metin er með frjálsum mati.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað kr. 0.25 í 3. gr. laganna komi: 1.00 — einni krónu.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður svo hljóðandi: Um kostnað við frjálst mat á sild fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. júlí 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.